

Þróunarverkefni skólaárið 2017-2018

Atferlis- og hegðunarmótun

Lært með hundi



Verkefnisstjórnun:

Anna D Hermannsdóttir.

Verkefni styrkt af Sprotasjóði, ums. 70. 2017-2018

Hundur sem brú í samskiptum, námi og hegðunarstjórnun

Markmið verkefnisins

Þjálfun í félagsfærni og samskiptum með hund sem milligönguaðila í atferlismótun. Lært og lesið með hundi til að efla lesskilning og lestrarhæfni þeirra sem eru með lesblindu, kvíða, dæmigerða einhverfu, málstol og stam. Ná fram jákvæðum styrkleikum hjá einstaklingum með neikvæða upplifun af skólanum. Ná fram innri hvata og flæði á forsendum hvers nemanda sem á við námsörðugleika að etja. Kenna á ytri hvata til sjálfsstjórnunar og félagsleg samskipti og læsi í líkamstjáningu annarra.

Fræðin á bak við þróunarverkefnið

Dýr hafa fylgt manningum frá örófi alda og hundurinn þar með talinn sem húsdýr og vinnudýr í upphafi. Börn ólust upp með dýrum og voru dýr stór þáttur í daglegu lífi í þróun mannsins. Það er því engin nýlunda að hundar geti aukið sjálfsmat, sjálfsstjórn og hægt er að kenna börnum að axla ábyrgð með því að eiga gæludýr. Á sama hátt hafa gæludýr rofið einangrun eldra fólks þegar heilsu er farið að hraka og áhugi á útiveru og samskiptum við annað minnkar.

Saga meðferðarhunda – Sigmund Freud (AAT – Animal assistant therapy)

Sagan byrjar í Englandi (York Retreat) með Quakers (Kristnu fólki sem hjálpar öðrum í gegnum kirkjuna og trúna). Quakers byrjuðu að meðhöndla fólk með geðræn vandamál með aðstoð dýra og aðlöguðu aðstæður og samfélagslegt umhverfi í kringum geðfatlaða og dýr. Síðar tók Sigmund Freud við og öðrum til undrunar hallaðist hann á að hundar hefðu “sjötta skilningarvitið” til að greina fólk og líðan þess. Freud átti hund af Chow Chow kyni sem hann kallaði Jo-Fi.

Sagan segir að Freud hafi stuðst við Jo – Fi til að meta andlega stöðu sjúklinga sinna. Hann trúði því að Jo – Fi gæti markað streitustuðul sjúklinga sinna ef hann lá rólegur í herberginu. Ef Jo – Fi lagðist nálægt sjúklingi og var kyrr þar var sjúklingurinn streitulaus og laus við kvíða, ef hann færði sig hins vegar og fór þvert yfir herbergið mátti merkja streitumerki hjá sjúklingi. Að mati Freuds mátti merkja að nærvera hunds hefði róandi áhrif á sjúklinga og einkum börn og unglinga. Sagan sagði einnig að Jo – Fi lagði til hvenær tímar enduðu með því að labba að hurðinni og banka tvisvar í hana. (Janet Eggiman, RN, MS, LMFT, Adjunct Professor, Ivy Tech Community College, Fort Wayne, Indiana; Registered Nurse, Licensed Marriage and Family Therapist, Center for Brief Therapy, PC, Fort Wayne, Indiana)

Boris Levinson. (AAT – Animal assistant therapy)

Annar frömuður sem hóf að rannsaka og vinna með hunda í tengslum við geðræna kvilla s.s kvíða og félagsfærni. Boris átti hund að nafni Jingles sem kom með honum til vinnu. Upphafið var að móðir drengs kom að tali við Levinson og spurði hvort hann gæti aðstoðað með drenginn sem var 9 ára. Fyrri meðferðir hefðu ekki borið árangur og hún vildi reyna áfram þrátt fyrir neikvæðar niðurstöður hjá öðrum sálfræðingum. Levinson samþykkti og kom móðirin með drenginn síðar til Levinson, Jingles var viðstaddur fyrsta tímum og fagnaði drengnum án fyrirvara og án þess að Levinson

skipti sér af. Drengurinn hörfaði ekki þegar Jingles fagnaði honum með þó nokkrum látum og brást drengurinn jákvætt við Jingles strax í upphafi en hafði ekki samskipti við Levinson.

Með þetta huga setti Levinson fram fyrstu kenninguna um co – therapist með hund í huga til að skapa léttleika og trausta undirstöðu í meðferð barna og unglunga. Levinson lagði fram uppgvötun sína á ráðstefnu hjá American Psychological Association (APA) árið 1961. Á ráðstefnunni kom svo í ljós að 16% af þeim 319 sem hana sátu notuðu gæludýr í vinnu sinni með sjúklilnga óháð aldri. (Levinson BM. *Pets and Human Development*. Springfield, Ill: Charles Thomas; 1982.)

Fyrsti CAT kassinn. (Children´s Appercetion Test)

Fyrsti kassinn var ekki kassi í raun heldur myndir af hundi sem var kallaður Blacky. Blacky átti hefðbundna fjölskyldu sem lenti í ýmsum útistöðum. Myndirnar áttu að sýna félagslegar aðstæður og úrlausn í þeim. Leopold Bellak og Sonia Bellak þróuðu myndirnar 1950 þær voru 10 talsins. Á myndunum lenti Blacky í útistöðum við önnur dýr og sýndi tilfinningar sem börn áttu að túlka. Myndirnar þóttu hins vegar frekar óhugnanlegar og vöktu efasemdir um notagildi í þágu vísindanna. CAT – kassinn í dag er þó byggður upp á þessari hugmynd.

Abstract

Grundvöllur þessa verkefnis var að sýna fram á að nærvera hunds gæti auðveldað börnum / ungmennum með greiningar í námi og samskiptum. Verkefnið byggði á 4 einstaklingum sem eiga við hegðunarerfiðleika að etja. Allir einstaklingarnir voru með greiningar en misþungar og á nokkuð breiðu sviði. Tilfinningalegur vandi var til staðar hjá þeim einstaklingum sem voru þátttakendur í þessu verkefni. Einstaklingarnir voru fjórir og á aldrinum 6 – 12 ára. Hver einstaklingur var mældur tvisvar sinnum á tímabilinu.

Aðferð mælinga.

Listar sem notaðir voru til mælinga voru byggðir á stigskiptingu hegðunarfrávika. Hver einstaklingur var með þriggja þrepa hegðunarfrávikstöflu sem sýna fram á andfélagslega hegðun og námsörðugleika vegna taugaproskavanda.

Hegðunarfráviks listar voru þrjár yfirlistar en hver þeirra var með þrjú undirflokk. Listarnir voru byggðir á skimunarferli APA (American Psychological Association) DCM – 5 leiðbeiningar um útreikninga og ferli miða við greingarkóða, upphaflega lista og mælingar sem þróaðar voru af DRS Robert L Spitzer, Janet B.W Willams og Kurt Kroenke sem fengu styrki til þróunar frá menntastofnun Pfizer Inc.

Tímabilið á mælingum var 6 vikur fyrir nemendur sem voru með áhættuhegðun og sértæka hegðun á hegðunarstigi 3. Fjórar vikur fyrir einstaklinga sem voru með taugaproskavanda og voru í atferlismótun með námi.

Framkvæmd

Nemendur voru valdir eftir hegðunarerfiðleikum inn í kennslustofu og félagslegum árekstrum í frímínútum. Valdir voru þeir sem höfðu þegar lent í útistöðum vegna hegðunarerfiðleika eða fengið greiningu á taugaproskavanda. Einn nemandi var valinn sem hafði lokið fullu greiningarferli og niðurstaða heildartölu greindar lá fyrir.

Aðstæður

Fylgst var með nemendum inn í skólaflokk til að sjá samskipti við kennara, samnemendur og stuðningsfulltrúa. Það var metið hvaða aðstæður eða kröfur kveiktu á neikvæðri hegðun eða svörun hjá nemenda. Skráð var hegðun í alls 3 skipti áður en nemandi byrjaði í markvissri vinnu og mótun með hundinum. Hundurinn var passívur í þrjú skipti í mótunarferlinu.

Hegðunarferli meðferðarhundsins.

Hundurinn er þjálfaður í að finna einkenni depurðar, reiði, óeirð og kvíða í fari einstaklings. Þegar að þessi einkenni eru til staðar þar hundi að mynda samband við nemandann. Það getur tekið allt að sex skipti fyrir hundinn að ná því markmiði að nemandi myndi tengsl. Ef nemandi sýndi mikla andfélagslega hegðun þar hundi að nálgast hann með hléum og léttum snertingum til að fá klapp. Þessi nálgun var til þess að minnka stress og kvíða.

Hundurinn var hvatning til náms fyrir einn nemanda. Sá nemandi fékk að fara í göngu með hundinn eftir að verkefnum var lokið. Til að nám ætti sér stað þurfti að vera annað hvatningarkerfi sem safnaði stigum fyrir mislanga göngutúra.

Hegðunarfrávik.

Hegðunarfrávik eru stigskipt og flokkuð eftir andfélagslegu viðmóti þó svo að nemandi uppfylli ekki klínísk skilyrði fyrir þeirri taugáþroskaröskuninni „anti-social behaviour, mótþróaröskun“.

Hegðunarfrávik 1

Telur væg frávik sem flestir nemendur uppfylla að einhverju leyti miða við að vera nýjir í skólaumhverfinu. Flestir láta til segjast og láta af þeirri hegðun sem telur í þessum flokk.

Truflun, óhlýðni, þras, ögrun, ráp og óeirð.

Hegðunarfrávik 2

Hegðunarfrávik 2 eru þau sem taka mið af félagsfærni einstaklings milli jafnaldra og svörun við fyrirmælum kennara og starfsmanna. Flestir eru með einhvers konar frávik hvað varðar félagslega hæfni. Þeir sem eiga í hegðunarerfiðleikum eiga erfitt með fyrirmæli og reglur og streitast á móti við nám. Áreita aðra til að skapa glundroða og læti til þess að sleppa við verkefni og sjálfstjórn.

Áreiti við aðra (munnelegt), ókurteisni við kennara, starfsmenn og aðra nemendur, reynir að stinga af úr skóla eða af skólalóð og nýtir sér veikleika annarra sér til framdráttar (særir vísvitandi).

Hegðunarfrávik 3

Hegðunarfrávik 3 er ekki eðlislægur hluti af hegðun hvers nemanda og snýr að stjórnleysi í skapstjórnun nemandans. Ofbeldi er sá þáttur sem er ekki ásættanlegur í félagslegu umhverfi. Flestir sýna þó að einhverju leyti frávik í þessum flokk en eiga afar auðvelt með að leiðrétta sjálfan sig.

Nemandi 1

Forsendur þess að nemandi tók þátt í verkefninu voru miklir hegðunarörðugleikar samhliða félagslegum árekstrum við samnemendur. Nemandinn uppfyllti ekki klínísk skilyrði fyrir andfélagslega hegðun en var með frumgreiningu á frávikum í taugaproska. Foreldrar áttu einnig í erfiðleikum með nemanda heima fyrir og því varð hann fyrir valinu fyrir yngsta nemandann í þessu verkefni, hann var því 6 ára gamall.

Í upphafi mælinga var stuðst við umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa ásamt yfirmanni dægradvalar. Skráningar voru tíðar því ekki var hægt að grípa inn í á meðan að beðið var eftir niðurstöðum greiningar.

Þegar nemandi byrjaði í janúar í atferlismótun ásamt hegðunarmótandi æfingum var mikill mótþrói. Nemandi barði starfsmenn, kennara, samnemendur og hundinn vegna reiði yfir því að vera settur í ramma. Hundurinn hundsáði nemanda í 3 vikur og bauð engan vinskap né nálægð. Nemandinn sá að hundurinn hafði ekki áhuga á því að eiga samneyti við hann og var nemanda bannað að kalla á hundinn og reyna að fá hann til sín. Í fjórðu viku sýndi hundurinn nemanda áhuga þegar ró var yfir nemandanum. Það tók ekki nema örfáa daga fyrir hundinn að ná stjórn á vinskap milli sín og nemanda. Sjálfstjórn nemanda tók framförum og lærði hann fljótt að hundurinn kom að honum ef hann væri í ójafnvægi.

Hegðunarfrávik 1 - Nemandi 1.bekkur

Nemandi var á hæstu tíðni í byrjun skólaárs í rápi og óeirð í sæti sínu. Sjálfstjórn varð umtalsverð á þessu hegðunarfrávikum nokkuð fljótt þar sem ekki var val um að fara út úr stofunni. Óeirðin í sæti minnkaði mest frá janúar – apríl.

Hegðunarfrávik 2 - Nemandi 1.bekkur

Að hausti voru ítrekuð atvik sem sneru að áreiti af ýmsum toga bæði orðbragð sem var særandi og niðrandi. Eftir áramót breytist áreitið í almenna ókurteisi þar sem nemanda var gert að labba með hundinn í frímínútum í stað þess að eyða þeim með samnemendum. Nemandi sýndi frumkvæði að hreyta fúkyrðum í hundinn fremur en að skipta sér af öðrum nemendum. Hundurinn var fljótur að finna fyrir skapbreytingum og því var einfalt að grípa inn í á réttu augnabliki til að leiðrétta hegðunina.


Hegðunarfrávik 3 - Nemandi 1.bekkur.

Ögrandi framkoma að fyrrabragði, skemmir eigur annarra, hótar ofbeldi í von um að vinna baráttuna, beitir ofbeldi til að ná sínu fram.


Í upphafi skólaárs beitti nemandi miklu ofbeldi við samnemendur bæði í skólastofu, frímínútum, við kennara. Það voru áverkar á þeim sem urðu „óvart“ fyrir höndum eða fótum í reiðikasti. Í janúar bar þó nokkuð á að nemandi skemmdi eigin bækurverkefni og tók eigur annarra en sú iðja lagðist fljótt af þar sem hundurinn stoppaði nemandi með því að ýta við honum með snoppunni.

Fylgiblöð/töflur fyrir nemanda 1.


1, 2, 3, 4, 5 og 6.




Tafla 1. Hegðunarfrávik 1. Nemandi 1.bekkur. Upphaf skólaárs.




Tafla 2 Hegðunarfrávik 2. Nemandi 1.bekkur. Upphaf skólaárs.




Tafla 3. Hegðunarfrávik 3. Nemandi 1.bekkur. Upphaf skólaárs.



Tafla 4. Nemandi: 1.bekkur eftir áramót.




Tafla 5. Nemandi: 1.bekkur eftir áramót.



Tafla 6. Mánuðir mælinga: Janúar, febrúar, mars og fram að páskafríi

Nemandi: 3.bekkur

Vegna greiningar er ekki hægt að skipta upp í hegðunarfrávik hjá nemanda. Er með dæmigerða einhverfu án hliðarraskana. Heildartala greindar er yfir meðallagi og var sá þáttur sem olli erfiðleikum í hegðun. Nemanda vantaði markmið og markvissa hvatningu til náms og hegðunar



Tafla 7. Nemandi: 3.bekkur.


Fundur var haldinn með foreldrum til að fara yfir hegðunarvanda sem var samsvarandi í skóla og á heimili. Nemandinn tók hundinum með varúð í byrjun og vildi lítið nálgast hundinn. En eftir aðlögunartíma var nemandinn komin með markmið og áhuga á samvinnu með hliðsjón af þjálfun og útiveru með hundinn. Hundurinn varð mikil hvatning til hreyfingar, breytingar á matarræði og áhuga á skólaveru. Framfarirnar voru ótvíræðar og mælingar sýna glöggt að hundurinn varð sá hvati sem vantaði í daglegt líf nemandans.

Nemandi: 7.bekkur


Forsaga.

Nemandinn er með flóknar og margþættar greiningar og þar á meðal dæmigerða einhverfu, ADHD, heildartala greindar bendir til misþroska og taugaproskavanda í heila. Þessi nemandi byrjaði með óformlegum hætti að vinna með hundi í 5.bekk og var það einungis til að efla samvinnuvilja og að róa nemanda þegar að erfiðir dagar voru. Í 6.bekk var skólaárið sett niður með það að leiðarljósi að umbunarkerfi yrði virkt allt skólaárið og var hundurinn með í því kerfi. Þegar kom að 7.bekk voru tengsl þessa tiltekna hunds og nemanda orðin sterk og því auðvelt að nýta þetta þróunarverkefni til þess að móta alla hegðun nemanda. Hundurinn spilaði stærstan þátt í sjálfstjórn og vinnusemi. Hundurinn var einnig tekinn út sem umbun ef nemandi sýndi ekki rétta hegðun. Tíðni á hegðunarbenda fyrir áramót sýnir fram á að hundurinn varð sá hvati sem viðheldur félagslegum tengslum, vinnusemi, sjálfstjórn og áhuga á skólavist. Eftir áramót fellur niður taflan fyrir hegðunarfrávik 3 hjá nemanda. Hundurinn er orðin mikilvægur í daglegu skólasterfi fyrir nemandann og stimplar nemandi sig inn og út með við því að heilsa hundi góðan daginn og kveðja fyrir daginn.


Fylgitölur 8, 9, 10, 11 og 12.




Tafla 8. . Nemandi 7.bekkur.




Tafla 9. Nemandi 7.bekkur.



Tafla 10. Nemandi 7.bekkur



Tafla 11. Nemandi var ekki í skólanum í febrúar



Tafla 12. Nemandi var ekki í skólanum í febrúar

Hegðunarfrávik 3 falla niður hjá þessum nemanda sjöundabekkjar.. Engar skráningar voru fyrir þau frávik sem eru merkjanleg umfram það sem gerist þegar að hormónabreytingar byrja og einstaklingar fara á flug. Aðrar sveiflur voru einnig eðlilegar miðað við greiningar og taugaproskavanda sem lýsir sér í sveflukenndu skapi og úthaldi í almennum félagslegum samskiptum.

Niðurstöður.

AAT – (Animal Assisted Therapy) hentar vel í skólastarfi með nemendum á breiðu aldursbili með því að nota hundinn sem brú í tilfinningalegri stjórnun. Mesta svörun var á meðal einstaklinga sem eru á einhverfurófi með Asperger eða dæmigerða einhverfu en einnig sýndu nemendur með hegðunarvanda án einhverfu góða svörun og jök nærvera hunds á innri ró.

Þeir nemendur sem áttu í námsörðugleikum vegna hegðunarvanda sýndu meðalgóða svörun í hegðunarfrávikum 3 en góða svörun í reiðistjórnun.

Niðurstöðurnar eru samsvarandi við þær rannsóknir sem hafa verið gerðar í 250 rannsóknnum sem hafa verið birta sem blaðagreinar.

(Nimer, J., & Lundahl, B. (2007). Animal-assisted therapy: A meta-analysis. *Anthrozoös*, 20(3), 225-238.)

Heimildaskrá

Barker, S. B., & Dawson, K. S. (1998). The effects of animal-assisted therapy on anxiety ratings of hospitalized psychiatric patients. *Psychiatric services*, 49(6), 797-801.

Fine, A. H. (Ed.). (2015). *Handbook on animal-assisted therapy: Foundations and guidelines for animal-assisted interventions*. academic press.

Jacobs, C. I. (2013). *Animal-Assisted Therapy and the Child-Animal Bond: Children's Well-being and Behavior*.

Janet Eggiman, B. S. N. *Cognitive-Behavioral Therapy: A Case Report--Animal-Assisted Therapy*.

Levinson, B. M., & Mallon, G. P. (1997). *Pet-oriented child psychotherapy*. Charles C. Thomas Publisher.

Levinson, B. M. (1962). The dog as a " co-therapist.". *Mental Hygiene*. New York.

Levinson, B. M. (1972). 30. Pets: A Special Technique in Child Psychotherapy. *Children Away from Home: A Sourcebook of Residential Treatment*, 376.

Levinson, B. M. (1965). Pet psychotherapy: use of household pets in the treatment of behavior disorder in childhood. *Psychological Reports*, 17(3), 695-698.

Levinson, B. M. (1962). The dog as a " co-therapist.". *Mental Hygiene*. New York.

Nimer, J., & Lundahl, B. (2007). Animal-assisted therapy: A meta-analysis. *Anthrozoös*, 20(3), 225-238. Nimer, J., & Lundahl, B. (2007). Animal-assisted therapy: A meta-analysis. *Anthrozoös*, 20(3), 225-238.

O'Haire, M. E. (2013). Animal-assisted intervention for autism spectrum disorder: A systematic literature review. *Journal of autism and developmental disorders*, 43(7), 1606-1622. O'Haire, M. E. (2013). Animal-assisted intervention for autism spectrum disorder: A systematic literature review. *Journal of autism and developmental disorders*, 43(7), 1606-1622.